

# Stöðuskýrsla Samhæfingarstöðvar Almannavarna (SST)

Nr: 1

3. ágúst 2022 kl. 18.00

## Eldgos í Meradölum




### Meginatriði

- Eldgos hófst í Meradölum 3.ágúst kl. 13:18.
- Samkvæmt eldfjallafræðingum er um lítið gos að ræða, gossprungan er um 500 m löng og kvikustrókurinn er frekar veikur, einungis 10-15 metrar.
- Sprungan teygir sig frá NNV af Meradölum og upp fyrir hæðina þar fyrir ofan.
- Gosmengun er töluverð á svæðinu og fólki ráðið frá að fara upp að gossvæðinu.
- Engir innviðir eru í hættu eins og sakir standa.
- Engin byggð er í hættu vegna eldgossins.
- Töluvert var af ferðafólki á svæðinu þegar gosið hófst og hefur fólki fjölgað stöðugt síðan. Þegar fyrst SMS-tilkynning var send til fólks á svæðinu voru 4500 símar sem tóku við skilaboðunum og klukkustund síðar var fjöldi síma sem hafði fengið SMS-ið orðinn 7500. Um kl. 18 var fjöldinn orðinn 10.000.
- Flugbann var sett á sem gildi fyrir alla flugumferð nema þyrlur LHG til kl. 17:30.



## Samantekt

Eldgosið virðist vera um það bil 5-10 sinnum stærra en eldgosið í Fagradalsfjalli í upphafi gossins árið 2021. Staðsetning gossins er góð með tilliti til innviða á Reykjanesi en töluvert erfiðara er fyrir fólk að ganga upp að gosinu. Leiðin er lengri, torveldari og mikil hækkun á leiðinni. Fjöldi fólks er farinn að streyma á svæðið og ljóst er að gera þarf ráðstafanir ef fólk er illa búíð fyrir slíka göngu. Að auki er gasmengun töluverð og huga þarf að vindátt. Glóð hefur myndast á mörgum stöðum í gamla hrauninu sem gerir það hættulegt að ganga á hrauninu.



Mynd2 Staðsetning goss

Norðlægri átt er spáð næsta sólarhringinn sem þýðir að lítil hættu verður á gasmengun í byggð en getur leitt til þess að gosmökkurinn leggist yfir gönguleiðir að gosinu. Veðurstofan vinnur að gerð spálíkans um gasdreifingu sem væntanleg er að kvöldi 3.ágúst. Gasmælar verða settir upp á svæðinu af Veðurstofunni 4. ágúst.

## Samhæfing / stjórnun

Samhæfing aðgerða hefur gengið vel. Samhæfingarstöð Almanna- og borgarvarna (SST) var virkjuð í upphafi goss ásamt aðgerðastjórnun Suðurnesja og á höfuðborgarsvæðinu. Vettvangsstjórn er staðsett í Grindavík.

### Starfandi samhæfingaraðilar og staðsetning þeirra:

#### SST

- Björgunarmiðstöðin í Skógarhlíð 14, hefur verið starfandi frá upphafi goss.

#### AST

- AST Höfuðborgarsvæði, Skógarhlíð 14.
- AST Suðurnesjum, í slökkvistöð í Reykjanesbæ.

#### VST

- VST Grindavík, Björgunarsveitin Þorbjörn.

#### Aðrir

Veðurstofan, vísindasamfélagið, Isavia, Vegagerðin og veitufyrirtæki hafa verið að störfum frá því gosið hófst og eru að meta stöðuna.

## Starfssvæði

---

Þau starfssvæði sem hafa orðið fyrir mestum áhrifum eru:

- Reykjanes
- Höfuðborgarsvæði

Starfssvæðin hafa fengið þá aðstoð sem þau hafa óskað eftir.

## Björgunarstörf

---

Verið er að boða út aukinn fjölda björgunarsveitafólks frá nærliggjandi svæðum til að tryggja öryggi við gosstöðvarnar.

## Næsta stöðuskýrsla

---

Næsta stöðuskýrsla er áætluð á morgun 4. ágúst kl. 16:00

**Stöðuskýrsla unnin af:**

Ingibjörg Lilja Ómarsdóttur

Stöðuskýrsla samþykkt af

Jón Svanberg Hjartarsyni

---

Sign

---

Sign

### Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Samhæfingar- og stjórnstöð Almannavarna

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, [www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is)

Fyrirspurnir sendist á: [almannavarnir@logreglan.is](mailto:almannavarnir@logreglan.is)